



Lúxemborg, 22. febrúar 2002

Fréttatilkynning 01/02

Dómur EFTA-dómstólsins í máli E-2/01 – *Pucher gegn ríkisstjórn Liechtenstein*

EFTA-dómstóllinn komst í dag að þeirri niðurstöðu að reglur landsréttar sem mæla svo fyrir að tiltekinn meðlimur í stjórn hlutafélags skuli hafa fasta búsetu í viðkomandi EFTA-ríki séu andstæðar ákvæði 31. gr. EES-samningsins um frjálsan staðfesturétt. Stjórnsýsludómstóll Liechtenstein hafði óskað eftir ráðgefandi álitum frá EFTA-dómstólnum í tengslum við mál sem þar er rekið milli Dr. Franz Martin Pucher og ríkisstjórnar Liechtenstein.

Ágreiningurinn fyrir stjórnsýsludómstóli Liechtenstein varðar ákvæði í hlutafélagalögum í Liechtenstein þar sett er það skilyrði að tiltekinn meðlimur í stjórn hlutafélags, sem skráð er í Liechtenstein, þótt það stundi engin viðskipti þar, skuli hafa fasta búsetu í Liechtenstein.

Stefnandi málsins, Dr. Pucher, er Austurrískur ríkisborgara og býr þar í landi. Hann hefur leyfi til að starfa í Liechtenstein sem fjárvörslumaður (trustee). Umsókn hans um heimild til að fá að sitja í stjórn var hafnað á þeim grundvelli að hann hefði ekki fasta búsetu í Liechtenstein. Dr. Pucher höfðaði þá mál fyrir Stjórnsýsludómstóli Liechtenstein þar sem hann bar brögður á að búsetuskilyrðið samrýmdu 31. gr. EES-samningsins um frjálsan staðfesturétt. Dómstóllinn í Liechtenstein ákvað að óska eftir ráðgefandi álitum EFTA-dómstólsins varðandi þetta álitaefni.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að hið umdeilda búsetuskilyrði fæli í sér höft á staðfesturétti í skilningi 31. gr. EES-samningsins. Dómstóllinn féllst ekki á þá röksemd ríkisstjórnar Liechtenstein að búsetuskilyrðið væri unnt að réttlæta með vísan til almennara hagsmuna, einkum þarfarinnar fyrir að viðhalda góðu orðspori fjármálaþjónustunnar í Liechtenstein. Dómstóllinn taldi, að Liechtenstein gæti að vissu marki haft sínar sérstöku reglur um starfsemi hlutafélaga, en reglurnar yrðu þó að vera innan ramma EES-samningsins. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að búsetuskilyrðið væri hvorki viðeigandi né nauðsynlegt, auk þess sem það gengi lengra en nauðsynlegt væri til að náð yrði þeim markmiðum sem að væri stefnt. Af þessum sökum taldi dómstóllinn að líta yrði svo á að hin umdeilda regla í hlutafélagalögum Liechtenstein samrýmdu ekki 31. gr. EES-samningsins.

Dómurinn í heild er að finna á vefsíðunni: www.efta.int.

EFTA-dómstóllinn skipa dómarnir Þór Vilhjálmsson (forseti), Carl Baudenbacher og Per Tresselt.

Hér er um að ræða fréttatilkynningu. Aðeins dómurinn sjálfur gildir.